

**Ed.**

### **353. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun húsmæðraskóla á Hallormsstað.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir klotnað um málið. Meiri hlutinn vill vísa því til stjórnarinnar. Minni hlutinn leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Fram að þessu hefir mjög lítið verið gert fyrir verklega mentun kvenna í landinu, og alls ekkert á Austurlandi. Hins vegar er þar vaknaður mikill áhugi að koma upp húsmæðraskóla fyrir Austurland, og mun almenningur líta svo á, að Hallormsstaður, eða bjáleiga í Hallormsstaðaskógi, sem heitir Ormsstaðir, muni vera sjálfsgættur staður. Líta flestir Austfirðingar svo á, sem Hallormsstaður sje einna fegurstur staður í fjórðungnum, og þótt víðar sje leitað. Á Ormsstöðum eru skilyrði ágæt fyrir mikla tún- og garðrækt. Auk þess eldiviður góður og mikill við hendina, og myndi það gera rekstur skólans ódýran í samanburði við marga aðra staði.

Fyrir landið alt hefir það mikla þýðingu, að góður húsakostur sje á hinum fegurstu stöðum, bæði vegna mannfunda í hjeradinu, og þá ekki síður til að geta þar tekið á móti hópum innlendra og erlendra gesta, þegar svo ber undir.

Meiri hlutinn leggur til að fresta málinu og biða eftir heildarlögum um húsmæðrafræðslu. En konur hafa nú þegar beðið nógu lengi eftir því að geta átt kost á heppilegri sjerfræðslu um innanhússtörf. Auk þess myndi aldrei koma til mála að hafa minna en einn skóla í hverjum fjórðungi, og væri því sist stigið spor úr vegi með því að samþykkja frv. þetta.

Eitt, sem mælir með lausn þessari, er það, að austfirskar konur eiga sjóð nokkurn, sem mun nú þegar vera handbær í þessu efni. Auk þess hafa þær það,

sem meira er, en það er forstöðukonuefni, frú Sigrúnu Blöndal, sem nýtur óvenju-  
lega mikils trausts bæði á Austurlandi og miklu víðar. Þegar stofnaður er nýr  
skóli, þá veltur framtíð hans að miklu leyti á því mannváli til kenslu, sem hægt  
er að tryggja sjer. Og sá skriður, sem kominn er á húsmæðrafræðslumál Aust-  
firðinga, er að mjög miklu leyti að þakka þeirri trú, sem menn hafa á því að  
eiga nú þegar vól á svo álitlegri forstöðukonu. Að öllu þessu athuguðu sýnist  
einsætt, að málið ætti fram að ganga nú þegar á þessu þingi.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Jónas Jónsson.